

Árið 2011 laugardaginn 22. janúar var haldinn almennur fundur í Fjallskiladeild Hrótfirðinga í Barnaskóla Staðarhrepps. Fundur hófst kl. 20.35
Formaður, Matthildur Hjálmarsdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Gunnar Þórarinsson ritaði fundargjörð. Mætt voru 11 á fundinn.

Fyrir var tekið:

1. Matthildur fór yfir þau verkefni sem unnin voru á sl. ári. Þar kom m.a. fram að auk venjulegs viðhalds heiðagirðinga var hliðið austan Hrótafjarðarár lagað og endurnýjuð girðing þar í kring. Einnig var endurnýjuð girðing vestan hliðs við Síká sem og girðing sunnan hliðs. Einnig var endurnýjaður 2,7 km langur kafla í girðingunni milli okkar og Miðfirðinga en fjárveiting fékkst til þessa verkefnis frá Húnaþingi vestra sl. sumar.
Unnið var við Fossselsveg fyrir 420 þúsund, m.a. var farið með grjótbljót á um 2 km kafla. Fundur vegna gangnatilhögunar með Miðfirðingum 26. ágúst. Göngur voru 2.-3. sept. og tókust vel þrátt fyrir mjög hlýtt veður. (Engin bið eftir Miðfirðingum). Seinni leit fór fram 12. sept. eða degi seinna en til stóð vegna þoku.
Einnig kom fram að Miðfirðingar vilja fá fjallskil af fé því sem skráð er á forðagæsluskýrslu í Brúarholti (eign Alberts í Eyjanesi).
Dreift var yfirliti yfir tekjur og gjöld 2010.

2. Umræður.

Gunnar í Hrótatungu ræddi um nauðsyn þess að láta bændur á Melum og Fögrubrekku vita um tímasetningar á smalamenskum og réttum hjá okkur. Ræddi einnig nauðsyn þess að Húnaþing vestra vinni að hnitsetningu gamalla landamerkja á heiðunum. Talaði einnig um hvað ætti að gera við kindur annarra sem koma fram fyrir utan lögbundna smalamenskudaga. T.d. mætti setja vatn og hey í safngirðingu og setja kindur þar.
Fundarmenn töldu það góðan kost að koma vatni í safngirðinguna.
Rætt um breytingar á náttúruverndarlögum þar sem m.a. á að herða reglur um umferð vélknúinna ökutækja utan vega.
Rætt um örnefnaskráningu á heiðunum og nauðsyn þess að kanna kostnað vegna loftmynda þar sem Húnaþing vestra ætlar ekki að leggja fé í þessa vinnu.
Kynnt bréf frá Kvenfélagi Staðarhrepps með ósk um stuðning til að viðhalda Tungubúð. Eftir nokkrar umræður kom Gunnar Sæmundsson með eftirfarandi tillögu:
"Almennur fundur haldinn 22. jan. 2011 í Fjallskiladeild Hrótfirðinga samþykkir að greiða kr. 50.000,- til Kvenfélags Staðarhrepps á árinu 2011 vegna rekstrar Tungubúðar. Er þetta gert til að tryggja góða hreinlætisaðstöðu við Hrótatungurétt."
Tillagan var borin upp og samþykkt samhljóða.
Aðalheiður á Reykjum spurði hvort stjórn deildarinnar hefði rætt um að leggja stærri hluta fjallskila á landverð en gert hefur verið.
Matthildur sagði að stjórn vildi ekki leggja meira á land nema hafa fundarsamþykkt fyrir því.
Aðalheiður á Reykjum lagði fram eftirfarandi tillögu:
"Almennur fundur í Fjallskiladeild Hrótfirðinga haldinn í Barnaskóla Staðarhrepps 22.1.2011 samþykkir að allt að 25% fjallskila leggist á landverð."
Eftir smá umræður var tillagan samþykkt með 6 atkv. gegn 2.
Gunnar í Hrótatungu varpaði fram hugmynd um að haldinn verði "réttardagur" að sumri. Safnast yrði saman við Hrótatungurétt en síðan yrði farið fram að Réttarfossi og skoðuð gömul réttarstæði þar. Síðan yrði grillað og fleira skemmtilegt við Hrótatungurétt á eftir.
Albert í Eyjanesi spurði um hvaða ferli fer í gang þegar bóndi getur ekki skaffað mann/menn í göngur. Ræddi einnig um nauðsyn þess að setja upp leiðara í safngirðingu til að auðvelda innrekstur í réttina.
Einnig fóru fram miklar umræður um réttindi og skyldur landeigenda og búfjáreigenda.
Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 00.15.